


HAUSBLAD RÖSKVU



2023

Haustblað Röskva 2023

Útgefandi// Publisher:

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands

// Röskva, the Organization for Socially Minded Students at the University of Iceland

Kápa// Cover Design:

Elísabet María Hákonardóttir

Hönnun og Umbrot// Design and layout:

Embla Rún Hall

Prenntun// Prining:

Prentsmiðjan.is

400 eintök/copies

Samfélagsmiðlar// Social Media:

Instagram: @roskvaroskva

Facebook: Röskva - stúdentahreyfing

Vefsíða//Web page: roskvaroskva.is



EFNISYFIRLIT

LIST OF CONTENTS

Ritstjórnin	1	Editorial staff
Öll um borð! Ávarp ritstýru	2	All aboard! Editor's Adress
Ávarp Forseta SHÍ	4	Student Council President's Adress
Ekkert er ömurlegra en janúarmorgun í Reykjavík	5	Nothing is worse than January mornings in Reykjavík
Framtíð háskólasvæðisins	7	The Future of Campus
Rafbílar eru ekki bjargvættir okkar	11	Electric cars are not our saviors
U-passi	14	U-pass
Bílastæðamálin á mannamáli	15	The Parking Policy Simplified
Hámu einkunnagjöf	19	Háma review
Veturinn í menntasjóðsmálum	21	This Winter for the Student Loan Fund
Hagsmunabarátta stúdenta	27	The Fight for Student Interests
Réttindaskrifstofa SHÍ	29	The Student Rights Office of SHÍ
Samgöngur á háskólasvæðinu	33	Commutes on Campus
Viðburðatímalína haustannar	35	Fall Semester's Events Timeline
Næturlíf Reykjavíkur	37	The Nightlife of Reykjavík
Hugvekja um Hoppskútur	39	Enquiry into E-Scooters
Stjórn Röskvu	41	Röskva's board
Ávarp Forseta Röskvu	43	Röskva's Presidential Adress

RITSTJÓRNIN



Frá vinstri: Guðni Thorlacius, Sóley Anna Jónsdóttir, Embla Rún Hall,
Elís Þór Traustason, Rafn Ágúst Ragnarsson

ÖLL UM BORD!

ALL ABOARD!



Ávarp ritsýru// Editor's Adress

Gleðilegt nýtt skólaár Röskvusólr og háskólanemar!


Þetta Haustblað Röskvu er tileinkað samgöngunum sem við stúdentar reiðum okkur á. Samgöngur eru það sem tengja okkur, enda færa þær okkur bókstaflega saman hingað í HÍ. Hvort sem þú labbar, hjólar, tekur strætó eða stormar traffík einkabilsins. Það er stórt baráttumál Röskvu að bæta samgöngur fyrir stúdenta sem og almenning. Góðar almenningssamgöngur gegna lykilhlutverki í því að skapa aukinn jöfnuð í samfélaginu og eru öllu jafnan umhverfissvænni kostur en einkabíllinn. Setjist niður, slappið af á meðan við leiðum ykkur í gegnum helstu málefni samgangna í stúdentapólitik og aðrar skemmtilegar greinar fyrir stúdenta.

Happy new school year Röskva suns and uni students!

This Autumn issue is dedicated to the transportation that us students rely on. Transportation is what connects us and literally brings us together at the University, whether you walk, bike, take the bus or risk the car traffic.

One of Röskva's big fights is for better transportation for students and the general public. Good and efficient transportation is a matter of great importance in the fight for equality and a key factor in preserving the environment.

Sit down, relax and let us take you through the main issues regarding transportation in student politics as well as a lot of fun articles for students.





LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

ERT ÞÚ Í HÁSKÓLA?

Lífsverk — lífeyrissjóður
fyrir háskólamenntaða

lifsverk.is





ÁVARP FORSETA SHÍ

PRESIDENT OF SHÍ ADDRESS

Rakel Anna Boulter

Þegar fólk spyr mig: „Skiptir stúdentapólitík einhverju máli?“ er þetta svarið sem ég gef þeim: Til að byrja með eru stúdentar stór hópur í samfélaginu. Við háskóla Íslands stunda um 15.000 stúdentar nám. Það væri í raun mjög óeðlilegt ef ekki væru til málsvarar fyrir svo stóran hóp. Stúdentapólitíkin er lýðræðisleg leið til að skipa fulltrúa stúdenta við hvert borð þar sem málefni stúdenta eru rædd.

Við hættum ekki að vera stúdentar þegar við komum heim eftir langan dag. Þess vegna lætur hagsmunabarátta stúdenta sig varða allt það sem kemur stúdentum við á einn eða annan hátt. Þetta eru húsnæðismál, leikskólamál, námslán, atvinnuleysisbætur, kennsla, umhverfismál, fjármögnun háskólans og mikið meira. Í stuttu máli er það hlutverk stúdentapólitíkur að láta sig varða öll þau mál sem koma stúdentum við á einn eða annan hátt.

Það er því einnig gífurlega mikilvægt fyrir HÍ að innan skólans sé virk umræða um hvað sé stúdentum fyrir bestu. Við vinnum að því sameiginlega markmiði að gera háskólann að aðgengilegum og inngildandi háskóla þar sem öllum gefst tækifæri til menntunar. Háskólinn er ekkert án stúdenta og öfugt, það verður því að vera sameiginleg stefna okkar að byggja upp samheldinn og opinn háskóla.

Stúdentar geta sannarlega haft áhrif á umhverfið sitt og ég hvet ykkur eindregið til að taka virkan þátt, mynda ykkur skoðanir og láta í ykkur heyra. Haustið ber margt í skauti sér og við ætlum, áfram sem áður, að ná varanlegum árangri í hagsmunabaráttu stúdenta.

Svo næst þegar þú færð þér bjór á Stúdentakjallaranum, mundu að það voru stúdentar sem ruddu veginn.

When people ask me: „Do student politics matter?“ is this the answer I give them: University students are, to begin with, a big group in society. Around 15,000 people study at the University of Iceland. It would be unusual if such a large group did not have advocates. Student politics are a democratic way of appointing students' representatives everywhere that issues regarding students are discussed.

We don't stop being students when we get home after a long day. That's why the fight for students' interest affects everything that concerns students in one way or another. That is housing issues, preschool issues, student loans, unemployment benefits, teaching, climate affairs, university funding and much more. In short the purpose of student politics is to fight for students' interest everywhere.

That is why it is also so imperative for the University that there be an active discussion about what is best for students. We work towards the mutual goal of making the University an accessible and inclusive institution where everyone has an equal opportunity for education. The University is nothing without its students and vice versa, it must therefore be our mutual aim to build a close-knit and open University.

Students can indeed influence their environment and I strongly encourage you to participate actively, form your own opinions and make yourselves heard. This fall brings along with it many things, and we're dedicated, now as before, to making permanent progress in the fight for students' interests.

So next time you're having a beer at the Student Cellar, remember that it was students that cleared the way.

EKKERT ER ÖMURLEGRA EN JANÚARMORGUN Í REYKJAVÍK

KOSTIR OG GALLAR SAMGÖNGUMÁTA



Rafn Ágúst Ragnarsson
ritstjórn//editorial board

Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík! Sagði skáldið og Raggi Bjarna söng árið 1961 þegar strætisvagnar voru grænir og enginn bjó á Seltjarnarnesi. Gömlu góðu dagarnir. Kvöldganga meðfram Tjörnninni í mildri máisólinni getur vissulega lyft fólki upp í hæðir hugsjónanna en enginn staður á hnettinum er jafn seigdrepanði fyrir líf og sál og umferðin á dimmum, köldum janúarmorgni. Öllum sem leiða hugann að samgöngumálum í Reykjavík verður fljótt ljóst að það er lítil von á að komast á leiðarenda ósködduð bæði á líkama og sál. En heimsendaspámaður er ég ekki, heldur auðmjúkur útverfabúi sem trúir því að í þessari Njarðvík norðursins geti allir fundið þann samgöngumáta sem hentar þeim best. Í anda sameiningar þegar veturinn nálgast ódfluga hef ég ákveðið að fara stuttlega yfir kosti og galla hinna ýmsu aðferða við að komast staða á milli í Höfuðborginni.



Við tökum þetta í vösbúðarröð og byrjum á gamla skólanum: **strangheilarleg ganga**. Það þarf ekki að verja miklum tíma hér á landi til að átta sig á hvers vegna þetta er fyrst á vesældarlistanum. Þrátt fyrir kuldann og langar vegalengdir getur maður þó gortað sig af sjálfsaga sínum og auðveldara er að sannfæra sig um að maður sé að leggja sitt af mörkum til að sporna við mengun og lífsháska umferðarinnar auk þess að ýta undir heilsusamlegra líferni. Að ganga hentar sjálfsumglöðum og helst þeim sem eiga heima í Vesturbænum.



Þá er það hin marglofuðu **hjól**, hvort sem þau eru knúinn af rafmagni eða fótum. Óplássfrekt, mengunarlaust og einfalt. Í raun allt sem maður getur óskað sér í ferðamáta, í Kaupmannahöfn. Því þar er þétt búið og göturnar upphitaðar. Hjólið er besti kostur hins tillitsama en ópólinmóða, auk íþróttamannsins. Hins vegar eiga götur Reykjavíkur það til að frjóska á veturlagi og því hentar það því ekki þeim varkári meðal vor.

Fyrir afkastamiklar kuldaskræfur sem býður við tilhugsuninni um allan týnda tímann bak við stýrið er lausnin að sjálfsögðu **Strætó**. Það er hægara sagt en gert að hlaupa niður gaddfredna götuna á eftir vagninum án þess að fljúga á rassinn en það átta sig vonandi flestir á því að framtíð samgangna á Íslandi er ekki fölgín í rafvæðingu bílaflotans og hleðslustöðvum á Hvammstanga. Öflugt almenningssamgöngukerfi er nauðsynleg fjárfesting í ört vaxandi borg og hinn skynsami leggur sitt af mörkum til að losa Íslendinga úr fjötrum umferðarinnar. Strætó hentar hinum prinsippföstu, félagshyggjufólki og þeim sem búa ekki á Kjalarnesi eða í Vatnsendanum.



Kosti **einkabilsins** þarf varla að útlista. Eins og lesendur hafa vanist að heyrna í umræðunni síðustu ár og áratugi er fjölmennur og hávær hópur bílaeigenda tilbúinn að taka slaginn við hvert tækifæri en það er þó ekki *alveg* að ástæðulausu. Því þrátt fyrir skammsýnina og eigingirninna er billinn hlýr og hraðskreiður. Þar er hægt að syngja með tónlistinni án þess að vekja upp efasemdir um eigið geðheilbrigði. Með hjálp bílsins er hægt að mæta á réttum tíma með hárið í lagi. Aftur á móti, er einkabíllinn ekkert nema skólalókaðemi um hin óútskýranlegu sjálfseyðingarhövót mannkynsins. Billinn hentar Marshellingum og Hafnfirðingum vitanlega best ásamt hinum sjálfselsku, óupplýstu og óframsýnu.



Samgöngulandslagið í Reykjavík er bersýnilega ansi vanþróað í samanburði við frændþjódir okkar í Evrópu og það er auðgljóslega enginn algóður valkostur. Það þýðir þó ekkert að bövla borgarskipulögum 7. áratugarins heldur líta þess í stað fram á við, sjá fyrir okkur hvernig hægt sé að bæta aðgengi allra að öruggum og umhverfisvænum ferðamátum. Ferðamátum sem kæfa hvorki borgina í eitri né stefna lífi allra vegfarenda í hættu. Við skulum koma auga á það sem bæta má og láta í okkur heyrna!



NOTHING IS WORSE THAN JANUARY MORNINGS IN REYKJAVÍK

PROS AND CONS OF TRANSPORT MODES

Nothing is more beautiful than a spring night in Reykjavík! Like Raggi Bjarna sang in his song in 1961 when buses were green and nobody lived in Seltjarnarnes. The good old days. An evening walk along Tjörnin in the mild May sun can lift you up into the clouds but there is nothing more soul-sucking than traffic on a cold, dark January morning.

Anyone who thinks about transportation issues in Reykjavík will quickly realize that there is little hope of reaching their destination completely unscathed, both physically and mentally. But I am no pessimist, rather a humble suburbanite who believes that in this Njarðvík of the north, everyone can find the mode of transportation that suits them best. In the spirit of unity as winter approaches I've decided to briefly review the pros and cons of the various methods of getting around the Capital.



We'll take this one step at a time and start with the old school: **an honest walk**. You don't have to spend a lot of time in this country to realize why this is first on the misery list. Despite the cold and long distances, you can be proud of your self-discipline, and it is easier to convince yourself that you are doing your part to curb pollution and the dangers of traffic, as well as promoting a healthier lifestyle. Walking is suitable for self-indulgent people and preferably for those who live in Vesturbær.



Then there are the much praised **bikes**, whether they are powered by electricity or feet. Space-saving, pollution-free and simple. In fact, everything you could wish for in terms of transportation in Copenhagen. Because it is densely populated and the streets are heated. The bicycle is the best choice of the considerate but impatient, as well as the athlete. However, the streets of Reykjavík tend to freeze in the winter, so it is not suitable for those who are more careful.

For the productive cryophobe that can't stand the thought of all the lost time behind the wheel, the solution is, of course, **the Bus**. It is easier said than done to run down the frozen street after the bus without flying on your ass, but hopefully most people will realize that the future of transport in Iceland does not lie in the electrification of the car fleet and charging stations in Hvammstangi. A strong public transport system is a necessary investment in a rapidly growing city, and any sensible individual will seek to contribute to freeing Icelanders from the shackles of traffic by taking the bus. The bus is suitable for principled, social-minded people and those who do not live in Kjalarnes or Vatnsendi.



The advantages of **the private car** need hardly be explained. As readers have become accustomed to hearing in the debate over the last few years and decades, a large and loud group of car owners is ready to take the fight at every opportunity, but it is not entirely without reason. Because despite the short-sightedness and selfishness, the car is warm and fast. There you can sing along to the music without raising doubts about your own mental health. With the help of the car, you can arrive on time with your hair in order. On the other hand, the private car is nothing more than a textbook example of humanity's inexplicable self-destructive instincts. The car is obviously best suited for Mosfellingar and Hafnirfirdingar, along with the selfish, uninformed and short-sighted.



The transportation landscape in Reykjavík is obviously quite underdeveloped compared to our European cousins, and there is obviously no perfect alternative. However, there is no point in cursing the urban planning of the 1970s, but instead we should look ahead, and envision how everyone's access to safe and environmentally friendly means of transportation can be improved. Modes of travel that neither suffocate the city in poison nor endanger the lives of all pedestrians. Let's spot the things that can be improved and make ourselves heard!




FRAMTÍÐ HÁSKÓLASVÆÐISINS

Borgin og háskólasvæðið eru í stanslausri þróun, stór og ný verkefni virðast ávallt vera á döfnni. Mig vantaði heildstæða sýn yfir hvað væri að breytast í Vatnsmýrinni á næstu árum svo ég hafði samband við Sindra Frey Ásgeirsson, fulltrúa stúdenta í skipulagsnefnd Háskóla Íslands og fyrrum forseta Röskvu. Sindri sagði mér að við ættum öll að hafa augun opin í haust því að margt spennandi verður tilkynnt, en hér er það helsta sem hefur nú þegar verið staðfest.

Borgarlínan

Fyrsta lota Borgarlínunnar, sem er áætluð að vera tilbúin árið 2025, mun hafa 3 stöpp á háskólasvæðinu. Fyrstu 2 leiðirnar munu tengja VatnSENDANN og Grafarholt við Háskólann en flestar línur munu eiga leið hjá Vatnsmýrinni svo sem flestir háskólanemar geta nýtt sér hraðvagnana.



Hverju breytir Borgarlínan?

Borgarlínan er blandar sveigjanleika stræto og skilvirkni sporvagna. Í stað þess að Strætó og einkabílar keyri í sömu umferð þá mun Borgarlínan hafa sér akreinar svo að vagnarnir verði fljótri og létta á umferð einkabílsins. Áhersla verður lögð á hraða með þröðvagnum aðgengi inn í vagnana, skannar fyrir kortunum dreift um vagninn og forgangur veittur á gatnamótum. Án endurskipulags samganga munu umferðatafir aukast gríðarlega vegna íbúafjölgun höfuðborgarsvæðisins. Á háskólasvæðinu mun Suðurgatan breytast mest. Í stað tvöfaldrar akreina í báðar áttir munu bílar hafa einbreiðar akreinar og Borgarlínan fær sérstakar akreinar. Auk þess verður bætt við hjólastigum og grænum blettum á milli fyrir regnvatnsstjórnun.





Hjólástígar

Reykjavíkurborg setur nú 1,5 milljarð í að gera borgina hjólavænni. Hjólástígar eru aðeins 32km samanlagt í borginni en markmiðið er að hækka vegalengdina upp í 50km fyrir 2025 og 100km fyrir 2030.

Hús Heilbrigðisvísinda

Áætlað er að ný bygging mun rísa við Læknagarð hjá Landspítalanum árið 2025 og Læknagarður endurbættur. Markmiðið er að sameina loks Heilbrigðisvísindasvið á einum stað með betri þjónustu fyrir stúdenta. Sálfræðideild mun halda starfsemi í Nýja Garði í Vatnsmýrinni.

Stúdentaíbúðir

Félagsstofnun Stúdenta hefur skrifað undir viljayfirlýsingu með Reykjavíkurborg að byggja samtals 361 stúdentaíbúðir. Íbúðarhúsnæði er því áætlað að verða byggt á næstu árum í Skerjafirði, á Miklubrautarstokknum og við Vatnssstíg í miðbænum.

Edda og Saga

Í vor var lokið við glæsilegu bygginguna Edda, Hús íslenskra fræða, og Hugvísindasvið mun færa sig þar yfir á skólaárinu. Saga, áður Hótel Saga, er einnig í uppbyggingu. Húsið mun loks færa Menntavísindasvið í Vatnsmýrina og ætti að vera tilbúið skólaárið 2024-25. 111 stúdentaíbúðir voru teknar í notkun á Sögu síðasta vor.



Vísindagarðar

Stórt samstarfsverkefni til að flytja nýsköpunar- og vísindafyrirtæki á háskólasvæðið og þar með byggja brú milli háskólans og atvinnulífsins. Gróska, sem opnaði 2020, er hluti af verkefninu og önnur svipuð bygging mun rísa upp á móti. Mikil uppbygging er í vændum á svæðinu í samstarfi við stór fyrirtæki svo sem Alvotech og Alvogen, Íslensk Erfðagreining, CCP, Grósku og fleiri.



Bike paths

Reykjavik is investing 1.5 billion kronas to make the city more bikeable. All together, bike paths span 32 km in the city but the aim is to get that number up to 50 km before 2025 and 100 km before 2030.

House of Health Sciences

A new building will be added to Læknagarður by the National Hospital, expected to be completed in 2025 as well as a renovation of Læknagarður. The goal is to unite the School of Health Sciences in one centre and offer better services to its students. The Psychology department will continue to operate from Nýi Garður in Vatnsmýrin (on main campus).

Student Housing

Icelandic Student Services (FS) have signed a letter of intent with the city of Reykjavik to build 361 student apartments. Student housing buildings are in preparatory stages in Skerjaförður, Miklabraut and Vatnsstígur in downtown Reykjavik.

Edda and Saga

The magnificent Edda - House of Icelandic studies was finally finished this spring. The School of Humanities will start using the building this school year.

Saga, formerly Hotel Saga, is being rebuilt and should be completed for the school year 2024-25. When finished, the building will house the School of Education, finally giving it a place on the main campus. This spring, 111 new student apartments were completed and have been rented out to students.



Science Park

Vísindagarðar or Science Park is a big collaboration project to bring innovation and tech companies to the university area. The goal is to bring the university and business together. Gróska opened in 2020 and is a part of this collaboration project and a similar building is in preparations which will be built right in front of Gróska. A lot of development is expected in that area in collaboration with big companies like Alvotech and Alvogen, DeCode Genetics, CCP, Gróska and more!

RAFBÍLAR ERU EKKI BJARGBÆTTIR OKKAR



Electric cars are not our saviours

Embla Rún Hall
ritstýra// editor

Samgöngur eru einn stærsti mengunarvaldur Íslands og því er skiljanlegt að rafbilavæðingin kunni að virðast endanleg lausn á vandanum. Ein stærsta loftslagsaðgerð ríkisins hefur verið skattaafslátturinn af vistvænum ökutækjum. Rafmagns- og hybrid bílum hefur fjölgað gríðarlega og eru vinsælli en hefðbundnir bílar þegar kemur að nýjum bílum.

Hér verður ekki dregið í efa að rafmagnsbílar séu umhverfisvænni en hefðbundnir bílar, þeir eru óneitanlega skárri kosturinn. Það sem gleymist hins vegar of oft í umræðunni er að jarðefnaeldsneyti er aðeins litill hluti af mengun vegasamgangna. 50-90% af mengun hefðbundna bifreiða kemur frá malbiki, vegsliti og sliti dekkja og bremsa, það sem kallast „non-exhaust emissions“. Íbúar Höfuðborgarsvæðisins þekkja svifryksmengunina sem fylgir nagladekkjunum á veturna, vandamál sem mun bara versna. Agnir frá vegslitinu menga andrúmsloftið en skolast einnig í vatnið okkar og sjöinn þar sem þær skaða sjávarlífið og hindra nauðsynlega upptöku koltvívíxíðs.

Áhersla ríkisstjórnarinnar á rafmagnsbíla yfir einnig undir ójöfnuð í samfélaginu. Rafmagnsbílar eru ennþá með dýrari bilunum á markaði svo einungis efnamestu hópar samfélagsins geta nýtt sér skattaafsláttinn. Sama fólkíð hefur nú getað sparað þegar bensín rauk upp í verði í kjölfar stríðs Pútíns. Skattaafslátturinn hefur verið ein dýrasta loftslagsaðgerð ríkisstjórnarinnar og kostar samfélagið **3-5 milljarða** á ári. Í samanburði fá almenningssamgöngur mun minni stuðning þrátt fyrir að vera skilvirkari í að draga úr kolefnislosun. Ástæðan fyrir þessari forgangsroðun er einföld, það vinnur fleiri atkvæði að styðja einkabilinn frekar en umdeilda Strætóinn.

Transportation is one of the largest pollutant factors in Iceland and therefore it's understandable why many people see electric cars as a solution to our sizable carbon footprint. One of the government's largest environmental programs has been the tax credit for purchases of environmentally friendly vehicles. The number of electric and hybrid cars on the roads of Iceland has exploded recently as the sale of new electronic and hybrid vehicles outpaces that of new petrol and diesel vehicles.

Electric cars are undeniably more environmentally friendly than cars that run on combustion engines. A fact that is often glossed over in the debate about e-cars vs traditional cars is the fact that fossil fuel emissions from the exhaust of combustion vehicles only make up a small amount of transportation emissions. 50-90% of traditional vehicle emissions are traced back to the paving of roads, road erosion, tire erosion, and brake erosion, these emissions are often grouped together as non-exhaust emissions. Anyone who lives in the Capital Area knows the inevitable air pollution that follows the switch from summer tires to winter tires. Fine particles from road erosion pollute the air and water surrounding the city and harm marine life and prevent natural carbon capture.

The government's focus on electric cars increases societal inequality. E-cars are still very expensive to purchase and therefore only people that were already wealthy can make use of the tax credit. The same wealthy people are then also saving money as fuel prices have been rocketing up in recent years in the wake of Putin's war. The tax credit is one of the most expensive climate actions that the government has rolled out and costs society **3-5 billion ISK** per year. Public transportation has conversely received much less support from the government despite being more efficient at reducing carbon emissions. The reason for this misdirection of funds is simple: You get way more votes by picking cars over the controversial idea of public transport.

Hvernig drögum við þá úr umhverfisáhrifunum okkar sem mest? Hér eru nokkrar leiðir sem vísindin styðja og eru ekki bara „Hættum að nota plaströr“.

- **Flokka lífrænan úrgang:** Vanmetin, en ein áhrifamesta breytingin. Úrðun lífræns úrgangs myndar metan sem hefur 84× meiri áhrif en CO₂. Með nýjum lögum sem banna úrðun lífræns úrgangs er komið í veg fyrir **104 þúsund tonn CO₂**, sem er tvöfalt meira en rafbilavæðing aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum gerir ráð fyrir.
- **Minnka kjötneyslu:** Það er ekki hægt að leggja nógu mikla áherslu á hversu mikið betra það er að borða vegan fyrir umhverfið og kolefnisfótsporið þitt. Mataræði grænkerana (vegan) hefur aðeins 25-30% af umhverfisáhrifunum sem mataræði kjötætu hefur.
- **Meðvituð kaup:** Neyslumenning okkar er orsakavaldur flestra umhverfisvandamála. Verslaðu með umhverfið (og veskið) í huga. Notaðu það sem þú hefur, verslaðu minna og verslaðu notað. Veldu gæði, ef þú hefur á því tók, það borgar sig oftar til langs tíma að kaupa það sem mun endast lengur frekar en ódýrustu vöruna sem eyðileggst strax.
- **Ganga og hjóla stuttar vegalengdir:** Takmarkaðu notkun á bílnum þegar þú getur. Það er betra fyrir umhverfið, heilsuna og veskið að ganga eða hjóla
- **Notaðu Strætó:** Almenningssamgöngur eru mun betri fyrir umhverfið en einkabílar (rafmagns eða bensín) en samt eru þær fjársveltur. Búum til jákvæðan vítahring: Því fleiri sem nota Strætó, því meira fjármagn hefur Strætó, því betri verður þjónustan og fleiri geta notað Strætó.
- **Þrýsta á stjórnvöld og fyrirtæki:** Einstaklingsaðgerðir verða að samfélagsbreytingum sem á endanum hafa áhrif á stjórnvöld og fyrirtæki. Hins vegar getum við flýtt fyrir breytingum með því að ganga í hagsmunasamtök og þrýsta á stjórnvöld og fyrirtæki að taka umhverfismálum með fyllstu alvara.

Rafbilavæðing er vissulega jákvæð þróun en hún ætti ekki að vera lokamarkmiðið.


Umhverfisáhrif rafmagnsbíla eru margþættari en við höldum.

Það þýðir ekkert að stanslaust verja hagvöxt og nútíðarlífnaðarhættina okkar, þeir munu verða okkur að bana. Gerum umhverfisvænan lífsstíl aðgengilegri og ódýrari fyrir öll. Að lifa með umhverfið í huga í okkar daglega lífi er oft ódýrari kosturinn eins og má sjá af dæmunum hér fyrir ofan. Við megum ekki gleyma að manneskjan er dýr í þessu viðkvæma lífríki og okkur ber skylda að vernda það.

How do we then reduce our impact on the environment as efficiently as possible? Here are a few (science-approved!) avenues of action that go beyond using paper straws.

- **Compost organic waste:** An underestimated action, but conversely one of the most effective actions. Dumping organic waste into landfills creates vast amounts of methane which is 84× worse for the environment than CO₂. New laws which ban the dumping of organic waste prevent more than 104 thousand tons of CO₂ from entering the atmosphere, twice the amount electric cars would prevent with the government action plan.
- **Decrease meat consumption:** It cannot be stressed enough how much better a vegan diet is for the environment and for your carbon footprint. A vegan diet only has 25-30% of the environmental impact that a meat eaters' diet has.
- **Conscious consumption:** Our consumerist culture is the root cause of most of our environmental issues. Shop with the environment (and your wallet!) in mind. Use what you have, shop less and shop used. Choose quality, if you can, it pays off in the long run to buy something that lasts instead of something cheap that breaks almost instantly.
- **Walk and bike short distances:** Minimize your usage of your car when you can. It's better for the environment, your health and your wallet to walk or cycle.
- **Take the bus:** Public transportation is much better for the environment than a private vehicle (regardless of if it's electronic or combustion powered) but they're underfunded. Let's start a positive feedback loop: The more people that take the bus, the more funding the bus has, and therefore the service will improve, and more people will be incentivized to take the bus.
- **Pressure the government and corporations:** Individual actions become societal changes which in the end influence governments and corporations. We can however amplify the effect of our actions by joining groups and pressuring the government and companies to take climate change seriously together.

The electrification of cars is a step in the right direction but not the final destination. The environmental effects of electric cars are greater and more varied than we initially thought. It's useless to put profits and rampant consumerism over our future, and if we continue it will be our downfall. Let's make environmentally friendly lifestyles more accessible and cheaper for all of us. Living with the environment in mind in our daily lives is often the cheaper alternative as the examples listed above show. We must not forget that we as humans are animals in this fragile ecosystem and we have a direct responsibility to protect it, as it is our only home.



GARÐABÆR



THE ENGLISH PUB

HAPPY HOUR ALLA DAGA
16:00 - 19:00

Lifandi tónlist öll kvöld
Íþróttir í beinni á 5 risaskjám

RÖSKVA WANTS :

RÖSKVA VILL:

U-PASSI

Samgöngukort stúdentna
student transport pass

Á LÁGU VERÐI
/LOW PRICE

FELUR Í SÉR //INCLUDES:

ÁRSKORT Í STRÆTÓ // Annual bus card

LANDSBYGGÐA STRÆTÓ // Rural buses

AFSLÁTTUR Á RAFSKÚTUM // Discount on e-scooters

AFSLÁTTUR AF BÍLALEIGUM // Discount on car sharing



Hefur virkað vel í :

Has worked well in:

- **Hollandi // The Netherlands**
- **Lissabon, Portúgal**
- **Ottawa, Kanada**
- **Chicago, Bandaríkin //USA**
- **Los Angeles, Bandaríkin //USA**
- **O.fl. // and more!**

BÍLASTÆÐAMÁLIN Á MANNAMÁLI

Hver hefur ekki lent í því að finna ekkert stæði við Háskólann? Hvert er vandamálið? Það er of mikið af bílum á Háskólasvæðinu.

Hvernig á að leysa vandamálið?

Háskólinn þarf annað hvort að fjölga bílastæðum árlega til að mæta þessu vandamáli EDA aðgangsstýra bílastæðunum svo þau sem ætla sér að nota þau, geti gert það.

Hvað er búið að gerast?

Ljóst er að HÍ mun breyta rekstri sínum á bílastæðum skólans á næstu árum og líklegast setja gjaldskyldu á bílastæðin. Hvenær þessigjaldskylda tekur gildi vitum við ekki þar sem samráð skólayfirvalda við stúdenta í þessum málum hefur verið takmarkað. Það er eðlilegt að stúdentar sem nota einkabil til að ferðast í skólann hafi áhyggjur af auknum útgjöldum í kjölfar gjaldskyldu því fjárhagur stúdenta er nú þegar slæmur.

Ætti Röskva þá ekki að berjast gegn gjaldskyldu bílastæðanna?

Jú, það er það sem við gerðum síðasta vetur! Landspítalinn setti gjaldskyldu á bílastæðin sín við Læknagarð og Eirberg, þar sem Heilbrigðisvísindasvið hefur aðsetur. Þá krafðist Röskva þess að stúdentar fengju undanþágu frá gjaldskyldunni sem skilaði því að Landspítalinn samþykkti að fresta gjaldskyldu á stúdenta. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands hefur staðfest að ekki verði lögð gjaldskylda á bílastæði við Háskóla Íslands nema með mótvægisáðgerðum fyrir stúdenta. Enn er þó óstaðfest hvenær það verður.

HÁSKÓLINN BORGAR
FYRIR EINKABÍLANA, VÆRI
EKKI SANNGJARNT AÐ
BORGAR FYRIR OKKUR HIN?

Hvað eru mótvægisáðgerðirnar?

U-passinn er gott dæmi: Við viljum að stúdentum bjóðist U-passi á lágu verði eins fljótt og hægt er. U-passinn er samgöngukort sem veitir stúdentum aðgang að fjölbreyttum almenningssamgöngum, t.d. strætó, deilibilaleigu og afslætti hjá hjóla- og hlaupahjólaleigum. Hann er raunhæfur kostur sem er til staðar í öðrum löndum - og Ísland getur farið eftir þeirra fordæmum.

Eru bílastæðin gjaldfrjáls í dag?

Hingað til hefur Háskólinn greitt fyrir rekstur gjaldfrjálsra bílastæða og borgað þannig með þeim sem nota einkabíl. Sá kostnaður myndi sannarlega aukast ef aðgangi væri stýrt með hliðum eða öðrum sambærilegum lausnum. Okkur þykir eðlilegt að ef gjaldskylda verður tekin upp á bílastæðum nýti Háskólinn fjármagnið til að borga undir sjálfbærari samgöngkosti.

Framtíðin - Vandamál aukinnar umferðar

Röskva berst fyrir hagsmunum stúdenta, en loftslagsváin kemur stúdentum líka við. Eins og við vitum menga bílar (já, rafmagnsbílar líka) og við þurfum að bregðast við þeim vanda. Aukin umferð á Hringbraut hefur í för með sér mikla skerðingu á lífsgæðum stúdenta, bæði hvað varðar heilsu þeirra, öryggi vegfarenda og aðgengi að Háskólanum. Það er því nauðsynlegt að efla almenningssamgöngur við Háskólann og tryggja að stærri hópur fólks geti notað þær í stað einkabíls. Á einföldu máli: Ef ekkert breytist mun bílaumferð um Háskólasvæðið einungis aukast og loftgæði minnka.

Ef við horfum til framtíðar er ljóst að samgöngur verða að breytast. Reykjavíkurborg er að setja gjaldskyldu á nærri öll bílastæði kringum Háskólann. Ef bílastæði Háskólans haldast gjaldfrjáls mun umferðin streyma á okkar bílastæði og fyllast af bílum sem tilheyra ekki stúdentum.

Í dag geta sumir stúdentar ekki nýtt aðra samgöngukosti en einkabíl vegna lélegs strætókerfis. Að reka bíl fylgir þó mikill kostnaður sem enginn ætti að neyðast til að bera. Þess vegna köllum við eftir því að Strætó bæti leiðarkerfið og auki ferðir, auk þess að fleiri valmöguleikar standi til boða fyrir landsbyggðina eins og t.d. deilibílar. Við viljum að næturstrætó verði tryggður í fleiri sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu en okkar háværa krafa er um að almenningssamgöngur verði ódýrari og aðgengilegri fyrir stúdentana.

Það er ljóst að hægt er að gera miklu betur í samgöngumálum en Röskva leggur mikla áherslu á að stúdentar séu hafðir með í ráði í þeirri þróun og njóti góðs af, í stað þess að hún geri kjör þeirra ennþá verri.

Fyrir hönd málefnanefndar Röskvu,
Kristmundur Pétursson, oddviti Röskvu 2023-2024



BETRI OG ÓDÝRARI
ALMENNINGSSAMGÖNGUR
ÁÐUR EN GJALDSKYLDA ER
LÖGD Á!

THE PARKING POLICY SIMPLIFIED

*Who hasn't run into a problem with finding a parking space near the University?
What is the problem? There are too many cars in the University area.*

How do we solve the problem?


The University either has to increase the amount of parking spaces yearly in order to meet the demand OR control access to the parking lots so those who intend to use them are able to.

What has happened already?

It's clear that HÍ will change the way it runs the school's parking areas in the coming years and most likely impose a fee. It is not known when this will happen since the school's cooperation with students regarding this issue has been limited. It's to be expected that students who drive to school are worried about more expenses once the fees are applied since students' finances are already rocky.

Shouldn't Röskva fight against charging for parking?

Yes, that's what we did last winter! Landspítalinn (The National University Hospital of Iceland) started charging for parking next to Læknagarður and Eirberg where the School of Health Sciences resides. Back then Röskva demanded that students be exempt from the payments which led to the hospital agreeing to postpone the charge for students. Jón Atli Benediktsson, Rector of the University of Iceland, has confirmed that students will not be charged without countermeasures being provided for them. It has yet to be confirmed when this will take place.



THE UNIVERSITY IS
FUNDING FOR CAR USE.
WOULDN'T IT BE FAIR TO
FUND OTHER TRANSPORT
AS WELL?

What are the countermeasures?

The U-pass is a good example: We want a U-pass available to students at the lowest possible price. The U-pass is a public transportation card which would grant students access to a wide range of public transit including the bus, a car-sharing service and a discount for bicycle and electric scooter rentals. It is a realistic option that already exists in other countries - and Iceland could follow their example.

Are the parking lots currently free?

Up to now the University has been paying the cost of running the free parking lots and thereby paying on behalf of those who use a car. That cost would rise if access to the areas was controlled by gates or another comparable option. We think it's reasonable that if fees were to be enacted for parking spaces the University would use the money earned to subsidize more sustainable modes of transportation.

The Future - The problem with increasing traffic

Röskva fights for student interests but climate change is also relevant to students. As we all know, cars pollute (yes, also electric cars) and we have to respond to that problem. More traffic on Hringbraut will impair students' quality of life since it would affect their health, the safety of pedestrians and accessibility to the University. It is therefore necessary to improve public transportation to the University and ensure that a larger group of people can use them instead of a car. In simple terms: If nothing changes, traffic near the University will only increase and the air quality will worsen.

When we look to the future it's clear that transportation has to change. The city of Reykjavik is implementing a fee on nearly every parking space near the University. If HÍ's parking spaces stay free the traffic will come flooding into our spaces and be filled up by cars that don't belong to students.

As of now some students are unable to use other modes of transport than a car because of a flawed bus system. Having a car still comes with a lot of expenses that no one should be forced to have. That's why we call for Strætó to improve its route system and increase the amount of trips, plus that the rural areas have more options such as shared cars. We want a night bus to be guaranteed for more municipalities in the capital area but the thing we fight the hardest for is that public transit becomes cheaper and more accessible for students.

It is clear that the issue of public transport could be handled much better and Röskva stresses the importance of students being consulted in this process and reaping its benefits instead of it making their living conditions even worse.

*On behalf of Röskva's Affairs Committee
Kristmundur Pétursson, Röskva's Spokesperson 2023-2024*



**BETTER AND CHEAPER PUBLIC
TRANSPORT BEFORE PARKING
FEES ARE IMPOSED!**

HÁMU EINKUNNIR

Við þekkjum öll þá tæru snilld sem einkunnagjöf heitu rétta Hámu á Uglu er (ef þú þekkir hana ekki þá þarftu að lesa gullmolana sem birtast þar). Okkur í ritsjórninni fannst þó vanta einkunnagjöf fyrir hina rétti Hámu, þ.e.a.s. samlokurnar, bakkelsin og salötin. Við erum opin fyrir málefnalegri gagnrýni en áskiljum okkur þá staðreynd að við höfum ávallt 100% rétt fyrir okkur.

Kaffið

Uppáhellta kaffið: ★★☆☆☆ - ★★★★★ Ódýrasta kaffi sem þú getur fundið og það sem Háma er þekktust fyrir. Þegar það er gott þá er það himneskt en þegar það er vont þá er það sálarskemmandi. Fyrsta Hámuheimsókn dagsins er því alltaf spennuþrungin stund.

Kaffi úr vél: ★★★★★ Gott kaffi og áreiðanlega alltaf eins. Tilvalið fyrir þau okkar sem eru reiðubúin að eyða auka hundradkalli til að sleppa við sálarveðsetningu sem hið upphellta hefur iðulega í för með sér.

Samlokur og smurt:

Hunagsskinku samlokun: ★★★★★ Besta kjötsamlokun, fullkomin á allan hátt.

Túnfisksamlokun: ★★★★★ Strangheildarleg samloka, en edli túnfisks er alltaf vafasamt.

Rúnstykkinn: ★★☆☆☆ Mid

Skonsurnar: ★★★★★ Skonsa og kaffi er tilvalin samsetning á þeim stundum þar sem þú þarft á smá nostalgíu að halda, sígildar og alltaf góðar.

Flagetta bæði með hráskinku og mozzarella: ★★★★★ Svo gott að þú gætir næstum trúað því að þú sért í bakaríi í Suður-Evrópu.

Vegan:

„Tuna“ samlokun: ★★★★★ Alveg fáránleg hugmynd sem gengur samt upp, fáðu þér Opal í eftirrétt, treystu okkur.

Roast NOT beef: ★★★★★ Döðlurnar koma vissulega á óvart, fin samloka en ekki fyrir alla

Vegan langlokun: ★★★★★ Bragðgód samloka en það vantar nauðsynlega prótein í hana!

Krúttlings samlokun: ★★★★★ Crazy sexy góð, með sjaldséðri vegan pítusósu, laaangbesta vegan samlokun! Við fögnum einnig langbráðri tilkomu hennar í langlokuformi!

Bakkelsið

Kleinan: ★★★★★ Er til betri samblanda en kaffi og kleina? Hámu kleinan er stökk og bragðgóð og virðist hönnuð af æðri mátt til að tolla í mannshöndina.

Ostaslaufan: ★★★★★ (5/5 ef hituð) Klassísk, cheesy og hefur hóp dygggra aðdáenda

Spínathornið: ★★★★★ Rakel Anna, forseti SHÍ, mælir með þessari snilld. Ef þú borðar ekki kjöt og saknar þess að fá þér skinkuhorn í bakaríinu, þá eru spínathornin málið!

Salöt, pasta og núðlur

Núðlurnar (vegan og með kjúklingi): ★★★★★ Fastur liður Hámuupplifunarinnar og upphald margra, þær klinka seint.

Pasta Heilhveiti: ★★★★★ Klassískt og gott, fengi örugga fimmu ef það væri meira prótein í því.

Beikon salat með eggjum: ★★★★★ Það er greinilegt að markhópur salatsins eru ræktarsjómilar sem telja sig of menningarlega fyrir ketó-salatið.

Vegan salat með basil dressingu: ★★★★★ Dálítið furðulegt en á sama tíma líka furðulega gott.

HÁMA REVIEWS

We are all familiar with the brilliant reviews on Ugla that sometimes appear for the hot meals in Háma (if not you really need to check it out, it's solid gold). We in the editorial staff found ourselves wondering why there are no reviews for some of the other items that Háma sells, like for instance the sandwiches, baked goods, and the salads. We are open to any constructive criticism but we are also of course infallible and 100% correct.

Coffee

Drip coffee: ★★☆☆☆ - ★★★★★ The cheapest coffee you can find and that which Háma is most known for. When it's good it's heavenly, but when it's bad it's soul-crushing. That's what's so exciting about it; guessing which one it will be at any time.

Machine coffee: ★★★★★☆☆ It's good coffee and always tastes the same. Ideal for those that are willing to spend an extra hundred ISK to not wager their soul on the drip coffee.

Sandwiches etc.

Honeyed ham sandwich: ★★★★★☆☆ The best meat-based sandwich, perfect in every way.

Tuna sandwich: ★★★★★☆☆ Always an honest sandwich, despite the inherently dubious nature of tuna.

Rolls: ★★★★★☆☆ Mid

Icelandic scones: ★★★★★☆☆ Sometimes you just need a shot of nostalgia and so you order a scone and a coffee, classic and always a good choice

Flagette: With cured ham and mozzarella: ★★★★★☆☆ So good you could almost believe you're in a bakery in southern Europe.

Vegan:

"Tuna" Sandwich: ★★★★★☆☆ Despite everything it works, but chew some gum for dessert, trust us.

Roast NOT beef: ★★★★★☆☆ The dates are a surprise, an okay sandwich but not everyone's cup of tea

Vegan Sub: ★★★★★☆☆ It's alright but it desperately needs some more protein

"Krúttlingur" Sandwich: ★★★★★☆☆ Crazy, sexy, cool, with the rare vegan pita-sauce, the best vegan sandwich by a long shot, now finally available in a sub form!

Baked goods:

Kleina: ★★★★★☆☆ Is there anything better than the combination Kleina and Kaffi? Háma's iteration on the classic kleina formula is crispy, tasty and fits so well into the palm of your hand that it almost seems like it was designed by a higher power.

Ostaslaufa (cheese roll): ★★★★★☆☆ (5/5 when heated) Classic, cheesy, with a loyal fanbase.

Spinach pastry: ★★★★★☆☆ Rake! Anna, president of the Student Council, highly recommends this genial concoction. If you've given up meat and miss getting a ham pastry at the bakery, then the spinach roll is where it's at!

Salads, pasta and noodles:

Noodles (Vegan or with chicken): ★★★★★☆☆ A Háma staple and the favorite of many, they never disappoint.

Pasta Wholewheat: ★★★★★☆☆ Classic and tasty, would get a 5 if it contained some more protein

Bacon salad with eggs: ★★★★★☆☆ Marketed towards gym-bros who are too cultured to get the keto salad

Vegan salad with basil dressing: ★★★★★☆☆ Unusual but surprisingly tasty!



VETURINN Í MENNTASJÓÐSMÁLUM

Menntasjóður námsmanna og það regluverk um námslán sem hann starfar samkvæmt skipta sköpum fyrir íslenskt samfélag. Möguleiki hvers háskólanema til þess að fá stuðning við nám sitt skiptir að sjálfsögðu sköpum, ekki bara fyrir hann sjálfan heldur almennt fyrir möguleika fólks hér á landi til skólagöngu. Íslenskt atvinnu-, menningar- og samfélagslíf nýtur þess að hér á landi er menntunarstig hátt, með þeirri gagnsemi sem af því hlýst. Öflugt stuðningskerfi háskólanema hlýtur að vera keppikefli allra þeirra sem láta sig velsæld samfélagsins varða.

Segja má að í vetur muni hagsmunabarátta stúdenta í menntasjóðsmálum fara einkum fram á tveimur vígstöðvum: Annars vegar verða Lög um Menntasjóð námsmanna (MSNM) endurskoðuð í vetur og hins vegar fer fram í vor árleg endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins, í þetta sinn fyrir skólaárið 2024-2025. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu atriðum sem máli skipta hvað þetta varðar.

Annars vegar verða Lög um Menntasjóð námsmanna (MSNM) endurskoðuð í vetur og hins vegar fer í vor fram árleg endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins

Frá því að ný lög um MSNM tóku gildi árið 2020 hefur legið fyrir skylda Alþingis til þess að endurskoða lögina á haustþingi 2023. Stúdentar hafa þennan tíma, einkum á

á skólaárinu sem leið, óskað þess þrálátlega af ráðuneytinu að ráðist verði í almennilega endurskoðun þar sem stórum steinum er velt en ekki hlaupist undan með málamyndagerningum. Undir því liggur vitaskuld sú grundvallarósk stúdenta að fjármagn til MSNM verði aukið í stað þess að það verði færð milli staða, líkt og árið 2020 þegar vextir voru hækkaðir í því skyni að greiða götu annarra ívilnana, s.s. 30% lækkanar á höfuðstólum og barnastyrkja.

Stúdentar berjast fyrir ígrundaðri endurskoðun á menntasjóðnum og auknu fjármagni til sjóðsins.

Sú viðleitni hefur ekki gengið vel. Hvað sem því líður liggur nú fyrir að áætlun ráðherra er að leggja fram skýrslu á haustþingi, að líkindum í lok október, og leggjast að svo búnu í vinnu til þess að undirbúa frumvarp sem kann að verða lagt fram til breytingar á lögnum í vor, ef tilefni þykir til. Þetta eru allar þær óljósu upplýsingar sem liggja fyrir um fyrirhugaðar breytingar þegar þetta er skrifað, svo hver sem er getur séð að ekki liggur allt uppi á borði. Staðan er því þessi: Annað hvort liggur ráðuneytið kyrfilega yfir sinni vinnu og neitar að upplýsa hið minnsta um eðli þeirra, eða þá að vinna við endurskoðunina er einfaldlega á frumstigi. Ekki má á milli sjá, hvort er verra. Hvernig sem vetrinum líður fram munaráttu stúdentaráðs miðast að því að koma því skýrlega á framfæri að sterk rök hnigi til þess að auka fjárveitingar til sjóðsins.

Hinn þáttur baráttunnar, úthlutunarreglurnar, munu ráðast við fundarborð stjórnar MSNM þar sem stúdentar hafa sína fulltrúa, þar á meðal undirritaðan. Helstu markmið þeirra viðræðna verða, nú sem fyrir, bæði að auka lánsrétt stúdenta og svo að rýmka svigrúm ýmissa skilyrða, svo sem hvað námsframvindu varðar. Framfærslan er lág, skilyrði fyrir lánveitingu eru ströng og fjöldi þeirra sem verða að hverfa frá námi vegna fjárhagslegra aðstæðna er of hár. Þessu er auðveldlega hægt að breyta ef vilji er fyrir hendi.

Veturinn stefnir þannig í að verða viðburðaríkur. Árangur er í augnsýn, en hann næst aðeins með samtakamætti og öflugri baráttu. Mikið er undir – jafnrétti til náms, frelsi til menntunar – og því riður á að stúdentar láti í sér heyra.

*Gísli Laufeyjarson Höskuldsson,
Lánasjóðsfulltrúi SHÍ*

NÁMSLÁNAKERFIÐ 101

- Árið 2020 var LÍN (Lánasjóður íslenskra námsmanna) „rebrandaður“ í MSNM (Menntasjóður námsmanna) en virkar samt nokkuð svipað og venjuleg námslán.
- **Grunnframfærslan** er sú upphæð sem þú færð í styrk á hverjum mánuði sem er 116.250kr ef þú býrð í foreldrahúsum og 149.905 kr ef þú ert flutt/ur að heiman.
- **Viðbótarlán fyrir húsnæðiskostnað** fer eftir fjölskylduaðstæðum. T.d. fær einhleypur einstaklingur 87.309 kr en einstaklingur í sambúð með 2 börn 78.000 kr
 - Varla nóg fyrir leigu á stúdentabúð (Einstaklings íbúðir eru 113.675-164.598 kr)
- **Fritekjumark** er þakið á hversu mikið þú mátt fá í laun yfir árið áður en að grunnframfærslan þín skerðist (um 45%). Hámarkið núna er 1.622.000 kr yfir árið.
 - Það er 135.166 kr á mánuði, fyrir skatt. Margir stúdentar þurfa að vinna þrátt fyrir að taka námslán til þess að lifa af en fá þá skerta framfærslu.
- Þú verður að klára **22-30 einingar** á önn til að fá að taka lánin.
 - Ef þú fellur og nærð ekki lágmarks einingafjölda þá skerðist grunnframfærslan.
- Ef þú klárar námið þitt á réttum tíma (með örliðu svigrúmi) er 30% af höfuðstólnum (skuldinni þinni) lagður niður sem „námsstyrkur“.
- Ári eftir að þú klárar námið byrjar þú að endurgreiða lánið og getur þú valið að borga fasta upphæð í hverjum mánuði eða hafa endurgreiðsluna tekjutengda þ.e.a.s. bundið við hversu mikið þú færð í laun.
- Vextir lánanna eru allt að 4% fyrir verðtryggð lán og 9% fyrir óverðtryggð lán
 - Með verðbólgu og stýrivaxtahækkunum hækka skuldir námsmanna.



THIS WINTER FOR THE STUDENT LOAN FUND

The Icelandic Student Loan fund and its rules and regulations are incredibly important for Icelandic society. Each university student's ability to receive support in their studies is crucial, not just for them but generally for the people of this country to be able to educate themselves. The Icelandic economy, culture and social life benefit greatly from the fact that the rate of higher education here is high, with its associated perks. A robust students' support network must be the ambition of every person that cares about the prosperity of society.

It seems like this winter's interest fight will mainly be waged on two fronts. On the one hand the laws regarding the Student Loan Fund will be reviewed this winter and on the other hand a yearly revision of the fund's allocation rules will take place this next spring, this time for the 2024-2025 school year. Now, a short summary of the most important aspects of the current situation of the fund.

“ On the one hand the laws regarding the Student Loan Fund will be reviewed this winter and on the other hand a yearly revision of the fund's allocation rules will take place this next spring. ”

From the time the new laws on the Student Loan Fund took effect in 2020 Alþingi has been obligated to revise these laws in the autumn session of 2023.

Students have during this time and especially last semester obstinately requested that these laws be thoroughly revised and amended without performative promises. Behind this lies the fundamental wish of students that the Loan Fund's funds be expanded instead of simply being moved, like in 2020 when the interest rate was heightened to make way for other concessions, such as a 30% lowering of the principal and child benefits.

Students are fighting for a thorough revision of the student loan fund and more government funding.

These efforts have not worked well. But now we know that the Minister of Education plans to make a report this fall, likely in late October, and then start work on a bill that maybe proposes changing these laws this spring, if they feel like it. These are all the vague facts we know about proposed changes at the time of writing, so everyone can see that things aren't exactly aboveboard. The situation is this: Either the ministry is doing its job but refuses to inform us about any of it, or the revision is simply in its initial stages. It's hard to say which is worse. However it goes this winter the fight of the Student Council will aim to make it as clear as possible that strong evidence indicates the effectiveness of increasing the Fund's funding.

On the other front, the allocation rules, the outcome will be decided on the board of directors of the Student Loan Fund, where students have their representative, among them the author of this article. The main objective of these discussions will be as before both to expand the rights of students who take loans and to increase the students' leeway regarding educational progress. The support is little, the stipulations are strict and the amount of people that abandon their studies due to financial difficulties is too high. This can be easily changed if the will is there.

The winter is shaping up to be eventful. Progress is in sight but can only be achieved with cooperation and a hard fight. There is much at stake - educational equality, the freedom to educate yourself - and it all depends on students making themselves heard.

*Gísli Laufeyjarson Höskuldsson,
Student Loan Representative of SHÍ*

THE STUDENT LOAN FUND 101

- In 2020 LÍN (The Icelandic Student Loans) rebranded as MSNM (The Student Loan Fund) but still works relatively just like any student loans.
- **The Basic Subsistence Allowance** is the income from the fund you get every month which is 116.250 kr if you live with your parents and 149.905 kr if you have moved out.
- **Additional loans for housing** are dependent on your family situation. F.ex. a single person qualifies for 87.309 kr but a person in a partnership with 2 children qualifies for 78.000 kr.
 - Doesn't cover rent even in Student Housing (Single person apartments are 113.675-164.598 kr)
- **The Income Threshold** is the maximum income you can earn each year without the basic subsistence allowance being cut by 45%. The threshold is 1.622.000 kr.
 - That adds up to 135.166 kr per month, before taxes. Many students have to work to get by even with student loans but their allowance is then cut.
- You have to complete **22-30 credits** per semester to qualify.
 - If you fail a class and do not reach the minimum credit requirement, you are in danger of losing your loan.
- If you finish your studies on time (with a bit of leeway) your principal sum (your debt) is reduced by 30% as a "scholarship".
- A year after you finish your studies you start paying back the loan. You can choose to pay the same installment every month or income based installments.
- The interest rates on the loans are up to 4% with index loans and 9% with non-index loans.
 - With inflation and rising interest rates, students' debts are rising.



JACK & JONES

10% skólaafsláttur



VERO MODA



**Gildir gegn framvísun skólaskírteinis og ekki með öðrum tilboðum. Veturinn 2023-2024.*

Aðild að stéttarfélagi er ávísun á öryggi



Félagsfólk nýtir samtakamátt sinn til að knýja á um bestu mögulegu kjör sín og réttindi. Gott stéttarfélag veitir persónulega ráðgjöf og þjónustu, allt frá ráðningarsamningi til starfsloka. Það opnar einnig aðgengi að margskonar fríðindum og fjárhagslegum stuðningi og er traustur bakhjarl þegar á þarf að halda.

Sækja um aðild – fraedagardur.is



HAGSMUNHAGSMUNABARÁTTA STÚDENTA

ER OKKAR VETTVANGUR, FYRIR OKKUR

Hvað er hagsmunabarátta stúdenta?

Hagsmunabarátta stúdenta nær yfir allt sem við gerum til að bæta hag stúdenta. Hagsmunir stúdenta geta verið mjög fjölbreyttir og eiga marga sameiginlega snertifleti með hagsmunum annarra hópa í samfélaginu, sérstaklega fyrst háskólanám á að vera opið öllum.

Af hverju stúdentar sérstaklega?

Sum málefni snerta nær eingöngu stúdenta. Fólk sem tekur ekki námslán og býr ekki á stúdentagörðum hefur kannski ekki mikla innsýn inn í það hvernig þessi þjónusta virkar eða hvað þyrfti að bæta, svo dæmi sé nefnt. Þá er mikilvægt að breytingar á þessari þjónustu komi frá stúdentum sjálfum, að allar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á líf stúdenta séu teknar í samráði við stúdentana.

Stúdentar fá sæti við borðið á ýmsa vegu. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna, sviðsráðin verja réttindi nemenda gagnvart kennurum, hagsmunafulltrúi tekur á móti viðkvæmum málum í fyllsta trúnaði, stúdentagarnarnir og Háma eru rekin án hagnaðar af Félagssstofnun stúdenta, stúdentar fá fulltrúa í æðsta ráði HÍ, Háskólaráði, og svo lengi mætti telja. Þessar stöður eru allar tilkomnar, á einn eða annan hátt, vegna langrar hagsmunabaráttu stúdenta.

En er þetta bara um stúdentana?

Hagsmunabaráttan á sér ekki bara stað innan veggja háskólans. Menntun mótar okkur sjálf og samfélagið í heild sinni. Greitt aðgengi að háskólanámi er lífsnauðsynlegt fyrir heilbriggt samfélag og gæði þess hefur áhrif á lífsskilyrði fyrir komandi kynslóðir. Jafnvel þau sem ekki sækja sjálf skóla græða á því að samfélagið okkar sé byggt upp og bætt af fjölbreyttum hópi fólks með gagnlega menntun.

En hagsmunamál samfélagsins eru hagsmunamál stúdenta. Til dæmis myndu bættar almenningssamgöngur gagnast stúdentum sérstaklega, enda er þeir sá hópur sem helst gæti nýtt sér þær, en þær nýtast öllum. Mörkin geta verið óskýr milli hagsmunabaráttu stúdenta og samfélagsins alls, en hagsmunir eru sjaldnast til í tómarúmi.

Hvernig fer hagsmunabaráttan fram?

Hún fer fram að einhverju leyti í umræðunni. Stúdentaráðið sjálft hefur í raun engin framkvæmdarvöld heldur er þrýstiafl. Stór hluti hagsmunabaráttunnar er að þrýsta á stjórnvöld og stjórnsýslu Háskólans, sýna hvað það er sem við viljum og ýta á eftir þeim að koma því í lag. Á stjórnmálalegu hliðinni er það líklega það mikilvægasta sem hægt er að gera, kannski fyrir utan það að fara í atvinnustjórnmál eða komast sjálf á ráðherrastólinn. Þá er það líka vitundarvakning meðal almennings, svo upplýstir kjósendur skilji hlið stúdenta í málum sem þá varða. Hinn hluti hagsmunabaráttunnar fer fram að mestu leyti innan háskólans. Stúdentar geta kosið aðra stúdentana eða boðið sig sjálfa fram í hlutverk innan stjórnsýslu háskólans, nefndir og ráð SHÍ og Félagssstofnun stúdenta.

„Hvað gæti ég gert fyrir hagsmunabaráttu stúdenta“?

Öll sem vilja, eiga sér stað í hagsmunabaráttu stúdenta. Og flest geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Best er að byrja að mæta á fundi eða viðburði til að kynna fólk og kynna sér málefnið. Það getur verið jafn lítið og að deila efninu okkar á samfélagsmiðlum eða hjálpa til á viðburðum, eitthvað stærra eins og að sitja í nefndarhlutverki fyrir málstað eða jafnvel eitthvað ennþá stærra eins og að mótmæli og skrif í blóðin. Þetta er engan veginn tæmandi listi og eiginlega er það svo fjölbreytt að það væri fáránlegt að lista það allt upp. Eg get bara mælt með því að byrja smátt og vinna þig upp frá því.

THE FIGHT FOR STUDENT INTEREST

OUR GROUND, OUR FIGHTS

What is the fight for the interests of students?

The fight for student interests and rights encompasses everything we do to improve conditions for students. Student interests can be very diverse and share a common ground with the interests of other groups in society, especially as university education is meant to be accessible to anyone.

Why students especially?

Some causes almost exclusively affect students. People who are not taking student loans nor live in student housing will most likely lack important insight into the fundamentals of such services and necessary improvements, just to name an example. It's important that any change to these services come from students and all decisions affecting the lives of students be made in accordance with the students themselves.

Students get a seat at the table in multiple ways: A Student Loan Officer sits at the board of The Student Loan Fund. The School Councils (one for each of the five Schools of the UI) protect the rights of students against teachers and faculty. The Student interest officer tackles sensitive cases in confidence. Student Housing and Háma (the cafeteria) are run by FS (The Icelandic Student Services, a non-profit institution). Students are elected to serve on the University Council, the highest board which runs the university, and the list goes on. These positions were all established because of the fight for student interest.

But is this just about university students?

The fight for student rights and interest does not take place exclusively within the walls of the university. Education shapes us and our society as a whole. Easy access to higher education is vital for a healthy society and the quality of that education will affect the quality of life for generations. Even those who do not seek higher education themselves still benefit from a society built and improved by a diverse group of people with advantageous educational backgrounds. Society's interests are students' interests. For example, could better public transport benefit students greatly, for they are the group that would use it the most, but would also benefit everyone. The boundaries can be blurry between what are students' interests and society's interests since interests aren't in a vacuum.

How do you fight for students' interests?

The fight for student's interests partly takes place in public discourse. The Student Council itself does not have any executive powers but acts as a pressure group. A big part of our fight is lobbying to our government and university administration. We voice what students want and push for change in those fields. It is one of the most impactful things in politics you can do, short of becoming a politician and claiming a ministerial position. Public outreach is also important for us to inform people of students' struggles so when it comes to elections voters will understand students' interests.

What could I do for the students' interest fight?

Every voice matters in this fight and most people can find some place within student politics that suits them. It's best to start coming to meetings and events to get to know the people and the issues we fight for. It can be as little as sharing our content on social media or helping out at an event. It could also be something bigger like being on a committee for a specific cause or maybe even bigger like protesting and writing articles. The possibilities are endless and so diverse that it would be foolish to try to list everything. I can only recommend to start small and work out from that.



Elís Þór Traustason
rtstjórn//editorial board



RÉTTINDASKRIFSTOFA SHÍ

THE STUDENT RIGHTS OFFICE OF SHÍ

Réttindaskrifstofa stúdentaráðs er hjartað í hagsmunabaráttu stúdenta. Ef að við líkjum stúdentaráði við Alþingi þá er skrifstofan ríkisstjórnin. Á skrifstofunni eru 7 einstaklingar sem vinna á einn eða annan hátt við að verja réttindi stúdenta. Fjögur þeirra eru skipuð af stúdentaráði en þrjú eru utanaðkomandi ráðin. Þau eru hér til að hjálpa stúdentum og vaka yfir þeim, bókstaflega. Skrifstofan er á 3.hæð Háskólatorgs og þau horfa yfir torgið þar sem stúdentar sitja og spjalla, borða eða læra. Ekki hika við að kíkja til þeirra á opnunartímum skrifstofunnar (9-17 alla virka daga).

Okkur ritstjórninni fannst mikilvægt að háskólanemar myndu kynnast þessu æðislegu fólki betur svo við fengum þau til að svara léttum spurningum.

The Student Rights Office is the heart of the students' interests fight. If the Student Council is compared to parliament, then the office is the government. There are 7 individuals at the office that work in some way to protect students' rights. Four of them are appointed by the Student Council but three are hired externally. They are here to help students and look over them, literally. The office is on the 3rd floor of the University Center (Háskólatorg) and they watch over the center where students sit and chat, eat or study. Don't hesitate to stop by when they're open (9-17, every day).

We, the editorial staff, felt that students needed to get to know the amazing people that work at the office better, so we got them to answer a couple fun questions.



Hvað felur starf þitt í sér?

Ég stýri öllum störfum Stúdentaráðs, hef yfirumsjón með innra starfi ráðsins og er málsvari þess út á við. Ég er í fullu starfi á skrifstofunni þar sem ég stend vörð um réttindi stúdenta ásamt öðrum Stúdentaráðsliðum.

What does your position entail?

I'm in charge of everything the Student Council does, I direct the Student Council's inner work and am its external representative. I work a full time job at the office where I, along with the student relays, safeguard students' rights.

Fyrir hverju ertu spenntust á komandi skólaári?

Nú auðvitað OKTÓBERFEST. En yfir allt skólaárið er ég spenntust fyrir Stúdentaráðsfundunum. Mér finnst almennt mjög gaman að vera á fundum, sem er heppilegt fyrir mig. OG ég er mjög spennt fyrir því að fara í viðtöl líka 😊

What are you most excited about in the upcoming year?

Well OKTÓBERFEST of course! But throughout the whole school year I'm most excited for the Student Council meetings. I generally enjoy meetings, which comes in handy. AND I'm also very excited for interviews 😊

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Hugsu hvernig ég orðaði allt sem ég sagði yfir daginn. DJÓK, geri það á nóttunni – nei djók! Mér finnst ís mjög góður, í sumar er ég svolítið búin að vera að vinna með að fá mér græna frostpinna eftir (eða fyrir) vinnu. Slaka mest á þegar ég hittir vini og hlusta á næs tónlist.

How do you unwind after a long day?

I think about how I worded things all day. KIDDING, I do that at night – just kidding! I really like ice cream, this summer I've been liking having a green popsicle after (or before) work. I'm the most relaxed when hanging out with my friends and listening to nice music.

Forseti President

Rakel Anna Boulter
(Hún/she)



Varaforseti

Vice President

Dagmar Óladóttir
(Hún/she)



Hvað felur starf þitt í sér?

Starfið mitt er ótrúlega fjölbreytt; ég starfa náið með forseta og reyni að vera hennar hægri hönd, ég ber ábyrgð á samfélagsmiðlaefni SHÍ og er tengiliður bæði nefnda og nemendafélaga við skrifstofuna. Svo sinni ég ýmsum tilfallandi verkefnum svo enginn dagur er eins 😊

What does your position entail?

My job is really diverse: I work closely with the president and try to be her right-hand man, I am responsible for SHÍ's social media and am the office's contact to both student organizations and committees. I also take on various projects that might come to us so no day is the same as the one before 😊

Fyrir hverju ertu spenntust á komandi skólaári?

OKTÓBERFEST!! Besta parti ársins að mínu mati og hátíðin í ár verður betri en nokkru sinni fyrr (hlutlaust mat).

What are you most excited about in the upcoming year?

OKTÓBERFEST!! The best party of the year if you ask me and this year will be the best ever (my neutral opinion).

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Svamlu í Vesturbæjarlauginni, því lengur því betra. Laug, pottar, gufa og gestir á heimsmælikvarða.

How do you unwind after a long day?

Take a dip in Vesturbæjarlaug for as long as I can. A pool, hot tubs, a sauna and guests of the greatest sort.

Hagsmunafulltrúi
Student Interest Representative
Rannveig Klara
Guðmundsdóttir
(Hún/she)



Hvað felur starf þitt í sér?

Hagsmunafulltrúi SHÍ er stúdentum ávallt innan handar og stendur vörð um hagsmuni og réttindi stúdenta. Ef brotið er á stúdent á einhvern hátt geng ég í málið og aðstoða þau í gegnum vandamál þeirra, stór eða smá. Svo er hagsmunafulltrúi einnig forseti jafnréttisnefndar SHÍ og heldur utan um hana og verkefni hennar.

What does your position entail?

The Student Council's Student Representative is always ready to help students and protect students' interests and rights. If students' rights are violated in any way I help them through it, no matter how small or large the problem may seem. The Student Representative is also president of SHÍ's Equal Rights Committee and oversees its tasks.

Fyrir hverju ertu spenntust á komandi skólaári?

Ég er spenntust fyrir Októberfest SHÍ í september!! Mér finnst svo gaman í fyrra og hlakka til að endurtaka leiknum núna í ár. Svo er ég líka mjög spennt fyrir því að komast aftur á salatbarinn í Hámu.

What are you most excited about in the upcoming year?

I'm most excited about SHÍ's Októberfest in September!! I loved it last year and am really looking forward to going this year. I'm also very excited about visiting Háma's salad bar again.

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Þegar ég á langan dag finnst mér ekkert betra en að fara í sund. Liggja í heita pottinum í svona hálf tíma, gúfa í 15 mín og svo is eftir á. Þá verður lífið alltaf smá betra.

How do you unwind after a long day?

When I've had a long day I find that the best thing for it is to go to the pool. Lay in the hot tub for half an hour, go to the sauna for 15 minutes and get ice cream afterwards. That always makes life a little bit better.

Hvað felur starf þitt í sér?

Sem alþjóðafulltrúi gegni ég hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til minnar með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis. Ég gegni líka embætti forseta alþjóðanefndar, sem m.a. heldur viðburði fyrir alþjóðanema. Einnig er alþjóðafulltrúi annar af tveimur fulltrúum stúdenta HÍ í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.

What does your position entail?

As the International Officer my job is to be of assistance to international students at HÍ, they can come to me with questions regarding their studies and other things relating to their stay in Iceland. I am president of the International Affairs Committee which, for example, hosts events for international students. The International Officer is also one of HÍ's two representatives in the Aurora Network and works closely with the International Office.

Fyrir hverju ertu spenntust á komandi skólaári?

Ég er náttúrulega mjög spennt fyrir Októberfest og svo langar mig að stofna hlaupaklúbb fyrir alþjóðanema sem ég er voða spennt að sjá hvernig verður tekið.

What are you most excited about in the upcoming year?

Of course I'm very excited about Októberfest. I also want to establish a running club for international students and am looking forward to seeing how it will be received.

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Mér finnst gaman og mjög hressandi að fara út að hlaupa eða labba eftir langan dag, en í rauninni er ég oftar bara að horfa á einhvern drasl sjónvarpsþátt með kærastanum mínum.

How do you unwind after a long day?

I find going for a run or a walk after a long day both fun and refreshing but in reality I'm more likely to watch a trashy TV show with my boyfriend.

Alþjóðafulltrúi
International Officer
Nana Bruhn Rasmussen
(Hún/she)



Hvað felur starf þitt í sér?

Starf mitt felur fyrst og fremst í sér að tryggja heilbrigðan rekstur skrifstofunnar.

What does your position entail?

My job mostly involves ensuring that the SHÍ office operates smoothly.

Fyrir hverju ertu spenntastur á komandi skólaári?

Ég er spenntastur fyrir því rita fundargerðir á Stúdentaráðsfundum – svo elska ég Stúdentasjóðinn.

What are you most excited about in the upcoming year?

I'm most excited about recording the minutes of Student Council meetings – and I also love the Student Fund.

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Ég dýrka að shilla og fresta aðeins til að róa taugarnar.

How do you unwind after a long day?

I love chilling and procrastinating slightly to de-stress.

Framkvæmdastjóri
Managing Director
Guðmundur Ásgeir
Guðmundsson
(Hann/he)



Lánasjóðsfulltrúi

Student Loan Representative

Gísli Laufeyjaron
Höskuldsson
(Hann/he)



Hvað felur starf þitt í sér?

Lánasjóðsfulltrúi hefur umsjón með öllu sem snýr að námslánum og er því nokkuð fjölbreytt. Ég er boðinn og búinn til þess að aðstoða alla lántaka sem lenda í vandræðum, en auk þess sinni ég hagsmunabaráttu með öllu sem í því felst, er fulltrúi Stúdentaráðs í lánasjóðsmálum og sit í stjórn Menntasjóðs Námsmanna.

What does your position entail?

The Student Loan Representative oversees everything relating to student loans so my work is quite varied. I am eager to help every borrower that is having issues. In addition to that I am fighting the student interest fight along with everything that encompasses. I also represent the Student Council in student loan affairs and am on the board of The Student Loan Fund.

Fyrir hverju ertu spenntastur á komandi skólaári?

Það er mjög gefandi að geta aðstoðað fólk sem lendir í hremmingum með námslánin sín og ég vona að sem flest mál leysist farsælega í vetur. Þá er komandi endurskoðun á lögum um Menntasjóðinn krefjandi áskorun sem ég hlakka mikið til að takast á við.

What are you most excited about in the upcoming year?

Being able to help people that are having trouble with student loans is very rewarding and I hope to be able to solve as many issues as possible. The upcoming revision of laws regarding The Student Loan Fund is a challenge I'm looking forward to taking on.

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Hreyfing, gjarnan í ræktinni eða útivist, er eldsneytið sem ég keyri á þótt það sé kannski ekki mikil afslóppun. Annars glápi ég á þætti eða hlusta á tónlist.

How do you unwind after a long day?

Exercise, either in the gym or by partaking in outdoor activities, is the fuel I run on though maybe it doesn't involve much relaxation. Outside of that I watch TV shows or listen to music

Hvað felur starf þitt í sér?

Ég ritstýri Stúdentablaðinu sem er gefið út fjórum sinnum á ári, en blaðið er málagn allra nemenda við HÍ og allir sem stunda nám við HÍ geta tekið þátt í útgáfu þess.

What does your position entail?

I am the editor of Stúdentablaðið (The Student Paper) which is published four times a year. It is the official organ of the students at HÍ and everyone studying here can participate in the process of making it.

Fyrir hverju ertu spenntastur á komandi skólaári?

Ég er spenntastur fyrir því að byrja á meistaraverkefni mínu í vetur en ég stunda nám í blaða- og fréttamensku.

What are you most excited about in the upcoming year?

I am studying journalism, so this year I'm most excited about starting my master's project.

Hvað gerirðu til að slaka á eftir langan dag?

Til að slaka á eftir langan dag finnst mér gott að setjast í sófann með fartölvunni og fiska eftir spennandi fréttum.

How do you unwind after a long day?

In order to relax after a long day I like to sit on the sofa with my laptop and look for some interesting news.


Ritstjóri Stúdentablaðsins


Editor of the Student Paper
Jean-Rémi Chareyre
(Hann/he)



SAMGÖNGUR Á HÁSKÓLASVÆÐINU


COMUTES ON CAMPUS





**UNDIRGÖNGIN//
THE TUNNEL**


Hægt er að flýja rínginguna og labba a milli 5 bygginga innandyral!
//Avoid the rain by walking indoors between these 5 buildings!



Hólastóla íngangur
// Wheelchair accessible

Strætó stöð
// Bus stop

Hjólástigur
// Bike path




Bílastæði háskólans
//University Parking


Yfirbyggð hjólaskýli
//Bike shelters



NESHAGI · HAGI



LANDSPÍTALI



STAKKAHLÍÐ

VIÐBURÐATÍMALÍNA HAUSTANNAR

Októberfestpartý

Röskva heldur fyrirpartý á Stúdentakjallaranum fyrir Októberfest fimmtudaginn 7. sept og Haustblaðið er gefið út!

Octoberfestparty

Röskva will host a pregame for Oktoberfest at the Student Cellar on Thursday Sept 7th and we celebrate the publication of the Autumn paper!

Fjör á fimmtudegi

Reglulegu viðburðirnir Fjör á fimmtudögum munu hefjast aftur. Röskvuliðar koma saman til að spjalla og skemmta sér á mismunandi pöbbum og börum. Fylgist með hvert ætlum að fara hjá @roskvaroskva á samfélagsmiðlum ;)

Thirsty Thursdays

The regular Thirsty Thursdays will return. Röskva's members will come together to chat and have fun in different pubs and bars around town. Keep an eye out for where we're going on social media @roskvaroskva ;)

SEPTEMBER

September Stórfundur

Á mánaðarlegu stórfundum koma félagsmeðlimir saman og ræða hvað gerðist í mánuðinum og hvað er framundan. Síðan skemmtum við okkur saman eftir á.

September Big Meeting

At the monthly Big Meetings the members of Röskva come together to discuss the passing month and upcoming events. Then we go out and have fun together.

OKTÓBER

Haustferð

Í lok september eða byrjun október förum við í árlegu haustferðina okkar. Við gistum á einhverjum skemmtilegum stað og förum yfir málefni stúdenta og stefnu Röskva. Tilvalið tækifæri til að hafa áhrif á hagsmunabaráttuna og kynnst fólkinu!

Autumn Trip

At the end of September/ beginning of October we have our yearly Autumn Trip. We stay over at some cozy place and go over student affairs and Röskva's policy for the year. It's a perfect opportunity to affect the interest fight and get to know the people in Röskva!

FALL SEMESTER'S EVENTS TIMELINE

Visó

Röskva mun halda vísindaferðir fyrir alla nemendur háskólans. Við kynnum starfsemi okkar fyrir nemendum og höfum alls konar skemmtilega dagskrá.

Visó

Röskva will host „science trips“ (called Visó) for all students of the university. We introduce our cause to students and host all kinds of fun activities.

Október Stórfundur October Big Meeting

NÓVEMBER

Íþróttakvöld

Ertu að leita af því skemmta þér og hreyfa þig með stórum hóp? Þá eru íþróttakvöldin fyrir þig ;)

Íþróttakvöld

Want to have fun and play sports in a big group? Then sports night is probably perfect for you ;)

Árshátíð

Stærsti viðburður haustannarinnar sem þið viljið ekki missa af! Það verður borðhald og dagskrá en svo auðvitað dansað og djammað eftir á.

Annual Party

You won't want to miss the biggest event of the semester! We'll have a festive dinner and then of course dance and party afterwards.

Nóvember Stórfundur November Big Meeting

Partýbingó

Hver saknar ekki að fara í bingó með ömmu? Röskva mun halda partýbingó fyrir þau sem vilja skemmta sér með snefil af nostalgíu. Veglegir vinningar auðvitað í boði ;)

Partybingo

Who doesn't miss going to play bingo with grandma? Röskva will have a partybingo for those who want to have fun with a bit of nostalgia. Of course we'll have great prizes for the winners ;)

NÆTURLÍF REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK'S NIGHT LIFE



Seinasta haust ákvað Röskva að kynnast næturlífi Reykjavíkur upp á nýtt eftir COVID.

Vikulegu „Fjör á fimmtudögum“ þar sem við heimsóttum staði niðri bæ slóu í gegn!

Hér eru helstu staðirnir sem við fórum á:

Last fall Röskva wanted to get reacquainted with Reykjavík's night life after COVID. The weekly „Thirsty Thursdays“ where we visited pubs and bars downtown were a big hit!

Here are the most notable places:



Petersen svítan **Ingólfsstræti 2a**

Æðislegur staður til að kíkja á í góða veðrinu þar sem það er stórt útisvæði með gott vibe! Happy hour alla daga frá opnun til 19!

Yfir sumartímam er opið er frá 14-01 á virkum dögum og til 03 um helgar.

Yfir vetratímam er opið mið-lau frá 16-01 á virkum dögum og til 03 um helgar

Amazing place to check out when the weather is nice because of its large rooftop bar.

Happy hour every day until 19!

Summer hours are 14-01 on weekdays and until 03 on weekends.

Winter hours are 16-01 Wednesday to Friday and 16-03 on weekends.

Íslenskibarinn **Ingólfsstræti 1a**

Kósý staður til að setjast og spjalla yfir góðum mat og drykk! Með 15% afslátt af mat og drykk fyrir háskólanema til 01

Opið 11:30-01 á virkum dögum og til 03 um helgar

Cozy place to sit down and chat over good food and a drink. Students get a 15% discount on food and drinks until 1!

Open 11:30-01 on weekdays and until 03 on weekends

Reykjavik Sport **Hverfisgata 40**

Margt skemmtilegt í boði hér! Boltinn ávallt í beinni, foosball-borð, 8 pool-borð og 4 píluspjöld!

Happy hour alla daga frá 16-19, nema laugardaga.

Opið 16-23 virka daga, til 01 á fös, 12-01 á lau og 12-23 á sun

Many fun things to do! Always a match on screen, foosball tables, 8 pool tables and 4 dart boards!

Happy hour everyday from 16-19 except on Saturdays.

Open 16-23 on weekdays, until 01 on Fridays, 12-01 on Saturdays and 12-23 on Sunday

Lebowski **Laugarvegur 20a**

Þessi staður býður upp á allt, sæti, dansgólf, útisvæði, lukkuhjólið, matur og klikkað úrval af White Russian!

Dj öll kvöld og PUB QUIZ alla fimmtudaga kl 21!

15% afsláttur á mat fyrir háskólanema gegn framvísun skirteinis (Eldhúsið er opið 11-22 alla daga).

Happy hour 16-19 alla daga

Opið 11-01 á virkum dögum og til 04:30 um helgar.

This place offers most things, plenty of seating, a dance floor, an outside area, a prize wheel as well as food and a crazy selection of White Russians!

There's a DJ every night and a PUB QUIZ every Thursdays at 21:00.

Students get a 15% discount on food if they show a student ID (Kitchen is open 11-22).

Happy hour 16-19 every day!

Open 11-01 on weekdays and until 04:30 on weekends.

Prikið

Bankastræti 12

Skemmtilegur staður til að sitja og spjalla með vinum.

Happy Hour 16-20

Opið 11-01 á mán, 09-01 á þri-fim,

09-4:30 á fös, 11-4:30 á lau og 11-01 á sun.

A good place to sit and chat with friends over a pint.

Happy hour 16-20.

Open 11-01 on Sun-Mon, 09-01 Tue-Thu,

09-4:30 on Fri, 11-04:30 on Sat.



Gaukurinn

Tryggvagata 22

Skemmtilegur staður með rock-filing og viðburði alla daga!

Þið finnið dagskránnu á gaukurinn.is

Happy hour alla daga 17-21.

Opið alla daga frá 17-01 á virkum dögum og opið til 03 um helgar

A fun place with a rock vibe and events every day!

Check out the events on gaukurinn.is.

Happy hour every day from 17-21.

Open 17-01 on weekdays and until 03 on weekends.

Röntgen

Hverfisgata 12

Virkelega notalegt að setjast hér og spjalla við fólk, nema svolítið erfitt um helgar þar sem sætin eru fljót að fyllast. Hægt er að skella sér á dansgólf um helgar þar sem dj er yfirleitt að spila!

Happy hour alla daga til 19!

Opið 16-01 á sun-fim og 16-06 á fös og lau

A cozy place to sit and chat, except the seats fill up quickly on weekends. You can hit the dance floor on weekends where a DJ is playing most of the time!

Happy hour from opening until 19!

Open 16-1 Sun to Thu and 16-06 Fri to Sat.

English Pub

Austurstræti 12

Hér finnurðu trúbadorastemmingu og allt flæðandi í bjór!

20% afsláttur fyrir háskólanema gegn framvísun skirteinis

Vissir þú að English pub er með elsta og fyrsta lukkuhjólíð í Reykjavík?

Happy hour 16-19 alla daga á bjór, léttvini, snófsum og völdum kokkteilum.

Opið 12-01 virka daga og til 04 um helgar.

Here you'll find a true troubadour-vibe and beer all around!

20% discount for students with a student ID.

Did you know that The English Pub has the oldest Prize Wheel in Reykjavík?

Happy hour is every day from 16-19 on beer, wine, shots and select cocktails.

Open 21-01 on weekdays and until 04 on weekends.



HUGVEKJA UM HOPPSKUTLUR

Öllum er okkur blágræn og rauðgul ásýnd rafskútuflota Reykjavíkur vel kunnug, enda eru hjólin orðin fastur liður í dagsferðum jafnt sem á næturflakki okkar um höfuðborgarsvæðið. Hjólin henta nefnilega sérlega vel fyrir séríslenskar aðstæður enda fylla þau gjarnan í þær gloppur sem myndast í mótsagnakenndri mósaik almenningssamgangna á Íslandi. Eins og þvottabjörn í illa skipulagðri ruslageymslu hefur rafskútan fundið sér ágætis afkima í íslensku samgönguvistkerfi og náð sérlega varanlegri fótfestu í næturlífi Reykjavíkur.

Þó eiga skutlurnar nú undir högg að sækja sökum þess ástands sem iðulega ríkir í sálum notenda þeirra í kjölfar næturdvalar í miðbænum, enda er ölvaður einstaklingur á 25km/klst vis til að valda töluverðum skaða við rangar aðstæður. En hvers vegna er fólk svona gjarnt á að nota þessar skutlur undir áhrifum þó það viti líklega að slíkt athæfi stofni sér og öðrum í hættu? Skýringin er fjölbætt (og þetta er engan veginn tæmandi upptalning): Áfengi hefur slævandi áhrif, bæði á dómgreind og viðbragðstíma o.fl., af þeirri staðreynd má leiða að við erum líklegri til að leigja rafskutlur (sökum dómgreindarleysis) og erum verri öikumenn þegar um borð er stigið (sökum verri viðbragðstíma o.fl.). Einnig eru rafskúturnar ódýrar, aðgengilegar og praktiskar, en aðrir kostir eru iðulega dýrir (leigubíll), óaðgengilegir (Næturstrætó utan Reykjavíkur) eða ópraktiskir (t.d. að labba heim). Þó fyrri skýringin gangi langt í að útskýra hættuna sem stafar af hjólunum er ölvaður einstaklingur hefur þegar tekið af stað er hægara sagt en gert að koma í veg fyrir það að fólk ölvist í miðbænum.

Seinni skýringin gengur lengra í að útskýra hvers vegna fólk tekur rafskutlur á leigu undir áhrifum áfengis en hin fyrri, og því er mikilvægt að kafa aðeins dýpra í forsendur seinni skýringarinnar og í mögulegar lausnir sem hún býður upp á.

We are all familiar with the fleets of turquoise and orange e-scooters that litter the streets of Reykjavik and for good reason too, the scooters have become an integral part of our daily commute both during the day and especially at night. E-scooters are particularly well suited to Icelandic conditions, namely as a backup for when the dysfunctional mosaic structure of the bus system fails us. Like a raccoon in a poorly organized trash can storage, the e-scooter has found its niche in the Icelandic transportational ecosystem, and this holds especially true at night.

Recently however, e-scooters have been facing some backlash due to the fact that many users (especially those that rent them at night) tend to be quite intoxicated after a night on the town. Inebriated individuals going at 25km/h can do quite a bit of damage, both to themselves and to others. But why do people still frequently use these scooters while under the influence, even though they probably know the dangers that such activities entail? The explanation is multifaceted (and this is by no means an exhaustive explanation): alcohol has a dulling effect on our body and mind, it slows our reaction speed and clouds our judgement, and therefore we are both more likely to rent an e-scooter (due to poor judgement) and worse drivers of said scooters (due to slowed reaction times etc.). E-scooters are also cheap, accessible, and practical, but other options are oftentimes expensive (ex. taxis), inaccessible (ex. the night bus outside of Reykjavik), or impractical (ex. walking home).

Alcohol explains why driving e-scooters can be dangerous while under the influence, but it doesn't offer a clear solution, after all it's easier said than done to keep people from drinking in downtown Reykjavik. The problem of accessibility and practicality offers a solution however, and therefore it's prudent to delve a bit deeper into its prerequisites.



ENQUIRY INTO E-SCOOTERS

Samgöngustofa hefur í samstarfi við tryggingafélagin hrint af stað herferð til að upplýsa fólk um þær hættur sem stafa af samblöndun áfengis og rafskutlum. Áfengi + Rafskúta = Klessa. Heillandi stöff. En er þetta sannfærandi? Langt því frá. Það er erfitt að sjá hvaða raunáhrif vitundarvakning geti haft á vandann, enda sofnar titið gjarnan værum svefni undir söng Bakkusar.

Vandinn er kerfislæg bilun almenningsgangna á Íslandi: Strætó er ekki að sinna tilvonandi farþegum sínum á viðunandi hátt og því leitar fólk í skammtímalausnir. Rót vandans er því frekar skortur á aðgengi en skortur á skynsemi, hvort sem aðgengið kann að vera fjárhagslegt (að leigubílum), eða skortur á aðgengi að samgöngum utan Reykjavíkur. Næturstrætó hefur ýmsa kosti fram yfir leigubíla og rafflaupahjól, hann er öruggari og drifur lengra en hjólin og er ódýrari en leigubíll. Þó eru enn ýmsir vankantar á núverandi skipulagi næturvagna: Þeir fara sjaldan, eru tiltölulega dýrir, og ferðast ekki utan Reykjavíkur. Þó standa nú yfir samningaviðræður milli Mosfellsbæjar og Strætó um Næturstrætó, m.a. vegna sýnilegrar baráttu Röskvu fyrir bættum samgöngum að næturlagi. Einnig er vert að minnast á það að Næturstrætó var endurvakinn innan Reykjavíkur þökk sé ótulli baráttu m.a. Röskvu, enda er ganga hans brýnt öryggis- og jafnréttismál. Tímabilskort gildir einnig sem miði í Næturstrætó og því yrði verðlagsvandí hans hugsanlega leystur gagnvart stúdentum með tilkomu U-Passa.

Eins og staðan er núna þá sinnir rafskútan millibilshlutverkji, hún er tól sem við gripum til því kerfið bregst, hún er auðnýtt skammtímaverkfæri sem er jafnframt skaðandi fyrir notendur sem og hið víðara samfélag. Rafskutluvandi miðbæjarins er einkenni víðari vanda aðgengisleysis og endurspeglar að miklu leyti lélega forgangsroðun okkar sem samfélags. Fargjald um borð í öruggeri framtíð er fyrir sumum of dýrt en því er vert að spyrja: Viljum við höggva á rót kerfislægra vandamála nútímasamgangna með því að byggja upp öruggera og aðgengilegra samgöngunet, eða viljum við halda áfram að reida blindandi á skaðlegar en einfaldar skammtímalausnir til að komast á leiðarenda, hver sem hann reynist að lokum vera?

The Icelandic Transport Authority has recently started a public awareness campaign to call attention to the dangers of mixing alcohol and e-scooters. Alcohol + E-scooter = Splat. Charming, really. But is it convincing? Hardly. It's difficult to see the real influence of an awareness campaign such as this as people's sense of awareness generally seems to go deaf under the bacchanal influence of booze.

The problem is a systemic failure of public transport in Iceland: Strætó is not serving potential customers and therefore people look to short-term solutions, i.e., e-scooters. Therefore, the problem is less a lack of awareness and more a lack of access, be it access to public transport at night outside of Reykjavik, or lack of financial access to regular taxi-trips. The night bus has many things going for it that the other forms of transport do not: They're safer and can travel further distances than the scooters, and they are far cheaper than a cab. However, the night bus also departs rarely, is relatively expensive, and does not travel outside of Reykjavik. It is however important to mention that thanks to the hard work of groups such as Röskva, the night bus was revived within Reykjavik. Annual and monthly cards can also be used to ride the night bus so the cost issue as it pertains to students might possibly be irrelevant with the introduction of the U-Pass.

As things are, the e-scooter serves a niche market, it's a potentially harmful tool we use because the system isn't functioning. The e-scooter issue in Reykjavik reflects a wider issue in the way we prioritize things in our society. The fare on board to a safer future can seem quite steep but therefore it's important to ask ourselves: Do we want to solve the root cause of our modern issues with traffic and transportation by building a safer and more accessible public transport system, or do we want to keep blindly relying on harmful but simple short term solutions to get to our final destination, wherever that might turn out to be?

Guðni Thorlacius
ritstjórn//editorial board



STJÓRN RÖSKVU

Forseti

President




Linda Rún Jónsdóttir

(Hún/She)

Stjórn málafræði
Political Science

Varaforseti

Vice President



Fjóla María Sigurðardóttir

(Hún/She)

Jarðeðlisfræði
Geophysics

Ritari

Secretary



Kolbrá Brynjarsdóttir

(Hún/She)

Lífeindafræði
Biomedical Science

Kosningastjóri

Campaign manager




Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir

(Hún/She)

Félagsfræði
Social Studies

Kynningastýra

Communications director



Krístrún Vala Ólafsdóttir


(Hún/She)

Hjúkrunarfræði
Nursing



Alþjóðafulltrúi

International representative



Daniel Thor Myer

(Hann/He)

Læknisfræði
Medicine

Ritstýra

Editor



Embla Rún Hall

(Hún/She)

Stjórn málafræði
Political Science

Skemmtunastjóri

Activities director



Jóhannes Óli Sveinsson

(Hann/He)

Hagfræði
Economics

Meistaranevafulltrúi

Master's representative



Styrmir Hallsson

(Hann/He)

Næringafræði
Nutrition

Meðstjórnandi

Co-member



Magnús Hallsson

(Hann/He)

Lífefna- og sameindalíffræði
Biochemistry and Molecular Biology

Oddviti

Spokesperson



Kristmundur Pétursson

(Hann/He)

Félagsráðgjöf
Social Work





Linda Rún Jónsdóttir

ÁVARP FORSETA RÖSKVU

Kæru samnemendur, nýir og gamlir!

Síðastliðin tvö ár hef ég verið ótrúlega spennt fyrir haustinu, en þá byrjar starfsemi Röskvu á fullu aftur. En hvað er Röskva? Röskva er samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands sem fagnaði 35 ára afmæli síðastliðinn febrúar. Gildin okkar; jafnrétti, róttækni og heiðarleiki kjarna starfið okkar svo vel. Rauði þráðurinn í okkar starfi er jafnrétti allra til náms, við erum róttækt þrýstiafl og vinnum okkar starf heiðarlega.

Samgöngumál og bílastæðamál eru áberandi mál þessa stundina. Vonandi ert þú lesandi góður, öllu fróðari um þau eftir lestur þessa haustblaðs. En það eru þó mörg önnur mál sem Röskva vinnur að, líkt og endurskoðun laga um Menntasjód námsmanna, undirfjármögnun Háskóla Íslands, kennslu- og gæðamál, frítími stúdenta og svo mætti lengi telja. Það eru tugir nemenda sem leggja sitt af mörkum í starfi Röskvu til þess að gera háskólann að betri stað.

Það er magnað að sjá fólk vinna þetta óeigingjarna starf af jafn mikilli þrautseigju og vinnusemi og ég hef séð síðan ég byrjaði í Röskvu. Það er heiður að fá að fylgjast með þessari vinnu fara fram og sjá hugsjónina sem Röskva er, stækka og dafna með hverjum deginum.

En Röskva er líka svo miklu meira en bara stúdentapólitik. Við hittumst líka við misjafnlega skipulagðar aðstæður og höfum gaman, fáum okkur kannski drykk eða tvo. Ég hef kynnst mörgum af mínum bestu vinum í Röskvu, sem ég hefði aldrei kynnst ef við hefðum ekki byrjað í starfinu. Án þess að vera of væmin mun ég líklegast aldrei koma því í orð hversu þakklát ég er fyrir allt það sem Röskva hefur gefið mér. Ég hef lært svo mikið og læri eitthvað nýtt á hverjum degi, og eignast nýja vini á hverjum viðburði. Ég hvet ykkur öll til þess að taka þátt í Röskvu, jafnvel þótt að það sé bara fyrir skemmtunina. Það eru öll velkomin í Röskvu því án fólksins væri Röskva ekki sú fylking sem hún er í dag.

PRESIDENT OF RÖSKVA'S ADDRESS

Dear fellow students, new and old alike!

For the last two years I've always been extremely excited for autumn, because in the autumn Röskva's activity shifts back into gear. But what exactly is Röskva? Röskva is the organization of socially minded students at the University of Iceland and just last February we celebrated our 35th anniversary. Our values: equality, radicalism and honesty are the cornerstone of our movement. The main thread of our operation is equality of opportunity to education, we exert radical pressure and always focus on honesty above all else in our work.

There are many large issues at stake in the sphere of student's rights, and hopefully this issue has shed some light on them. They range from issues regarding transportation, parking, changes to the student loan system, and to the lack of funding to the University, just to name a few. Röskva is placing a great emphasis on solving these issues and thanks to the dozens of students who give their all to the cause, Röskva is a strong voice for reform and improvement in the University as a whole. It's truly amazing to see so many people work so selflessly and with so much tenacity and zeal, and even more amazing to see it every day since I joined Röskva. It's such an honor to be able to witness all this great work being done and seeing the vision grow, each and every day.

But Röskva is so much more than just student politics. We also hang out informally and have fun, and maybe have a drink or two. I've met so many of my best friends in Röskva, which I would likely never have met had I not joined Röskva. Without getting too sentimental, I know I will likely never be able to put into words how grateful I am to all that Röskva has given me. I've learned so much already, yet I still learn something new each day, and make new friends at every event. I encourage all of you to join Röskva and take an active part in the organization, even if it's just showing up to parties and hanging out with us. Everyone is welcome in Röskva and if it weren't for the great people that make up the organization, we wouldn't be where we are today.

ginatricot.is



ginatricot